



Tónlistarskóli Borgarfjarðar

Borgarbraut 23 – 310 Borgarnes – Sími: 433 7190 – Netfang: tonlistarskoli@borgarbyggd.is

Fréttabréf ágúst 2020

Tónlistarskóli Borgarfjarðar - námið veturinn 2020-2021

Getum bætt við nokkrum nemendum í haust

<https://schoolarchive.net/school/AdmissionForm.aspx?orgId=32>

Slóðina er að finna á heimasíðu Borgarbyggðar

Áhugasömum er bent á að sækja um. Einnig velkomið að líta við, skoða og prófa hljóðfæri og fá upplýsingar um námið

Hafið samband við skólastjóra og fáið upplýsingar í síma 433 7190 eða sendið póst á netfangið tonlistarskoli@borgarbyggd.is

Tónlistarskóli Borgarfjarðar var stofnaður 7. september 1967. Frá upphafi hefur skólinn skipað stóran sess í fræðslu- og menningarlífi í héraðinu. Skólinn hefur vaxið og dafnað í þau rúmlega fimmtíu ár sem hann hefur starfað. Skólinn er við Borgarbraut 23 í Borgarnesi þar sem öll kennslan í Borgarnesi fer fram. Einnig er kennt í húsnæði Grunnskóla Borgarfjarðar; á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Í vetur starfa 12 kennarar við skólann. Starf skólans er fjölbreytt, auk hefðbundinnar kennslu eru samspilstímar og sönghópastarf í skólanum. Tónfundir og tónleikar eru haldnir reglulega og nemendur koma fram við ýmis tækifæri í héraðinu og víðar. Allir tónleikar og tónfundir á vegum skólans eru öllum opnir.

➤ **Upplýsingar um Tónlistarskóla Borgarfjarðar má einnig finna á vef Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is**



Námstilhögunin

Tónlistarkennslan fer fram á eftirtöldum stöðum og verður boðið upp á eftirfarandi nám næsta vetur:

- Tónlistarskólanum, Borgarbraut 23 Borgarnesi:

Forskóli (fyrir 3-5 ára börn): Undirbúningsnám fyrir almennt tónlistarnám. Kennt er í hóptímum einu sinni í viku.

Blokkflauta (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum eða hóptímum. Nemendur þurfa sjálfir að útvega sér hljóðfæri.

Gítar, bassagítar og ukulele (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa sjálfir að útvega sér hljóðfæri.

Blásturshljóðfæri (9 ára og eldri): Kennt er á eftirtalin hljóðfæri: þverflautu, klarinett, cornett, trompet og saxófón. Eitthvað er til af hljóðfærum sem nemendur geta leigt.

Píanó (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að hafa aðgang að píanói eða hljómborði heima.

Harmoníka (9 ára og eldri): Kennt í einkatímum.

Söngur börn (9-14 ára): Kennt í einkatímum og hóptímum.

Söngur - Almenn deild (15 ára og eldri): Kennt er í einkatímum og / eða hóptímum. *Kennum bæði rytmískan og klassískan söng.*

Söngleikjadeild: Söngleikjadeildin byggist þannig upp að nemendur vinna í hóptímum með sönglög úr söngleikjum. Fá þjálfun í söng og leiklist. Settir upp söngleikir í desember og með vorinu.

Samsöngstímar: Hugsaðir fyrir fullorðna, m.a. hentugir fyrir **kórfólk**.

- Allir nýir söngnemendur byrja á inntökuprófi



- Hvanneyri:

Píanó (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að hafa aðgang að píanói eða hljómborði heima.

Gítar, bassagítar og ukulele (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að útvega sér sjálfir hljóðfæri.

- Kleppjárnshljóðfæri:

Píanó (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að hafa aðgang að píanói eða hljómborði heima.

Gítar, bassagítar og ukulele (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að útvega sér sjálfir hljóðfæri.

Blásturshljóðfæri, kennt er á blokkflautu (6 ára og eldri), klarinet, þverflautu, cornett og saxófón (9 ára og eldri). Kennt í einkatímum og hóptímum. Nemendur þurfa að útvega sér sjálfir blokkflautu, en eitthvað er til af öðrum blásturshljóðfærum sem nemendur geta leigt.

- Varmalandi:

Píanó (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að hafa aðgang að píanói eða hljómborði heima.

Gítar (6 ára og eldri): Kennt er í einkatímum. Nemendur þurfa að útvega sér sjálfir hljóðfæri.

Blásturshljóðfæri, kennt er á blokkflautu (6 ára og eldri), klarinet, þverflautu, cornett og saxófón (9 ára og eldri). Kennt í einkatímum og/eða hóptímum. Nemendur þurfa að útvega sér sjálfir blokkflautu, en eitthvað er til af öðrum blásturshljóðfærum sem nemendur geta leigt.

ATH. Aldursmörk eru aðeins gefin til viðmiðunar



Skólagjöld á haustönn 2020 eru:

<u>BÖRN/UNGLINGAR</u>	<u>19 ára og yngri</u>	<u>FULLORÐNIR:</u>	<u>20 ára og eldri</u>
<i>Námshlutfall</i>	Börn/unglingar	<i>Námshlutfall</i>	Fullorðnir
<i>Fullt nám:</i>	kr. 40.025	<i>Fullt nám:</i>	kr. 138.550
<i>Hálft nám:</i>	kr. 24.170	<i>Hálft nám:</i>	kr. 83.128
<i>Hóptímar:</i>	kr. 16.935	<i>Hóptímar:</i>	kr. 58.497
<i>Fullt+hálft:</i>	kr. 56.345	<i>Fullt+hálft:</i>	kr. 193.970

25% afsláttur hjá öðru barni og 50% afsláttur hjá þriðja barni í fjölskyldu

- ✓ [Nemendur á aldrinum 6 – 18 ára geta nýtt fristundastyrkinn og nú hefur hann hækkað frá síðasta ári \(verður 40.000 kr. á ári\)](#)



Kennarar veturinn 2020-2021:

Birna Þorsteinsdóttir – forskóli, píanó, söngur, - deildarstjóri

Daði Georgsson – píanó, tækni

Dóra Erna Ásbjörnsdóttir – píanó, harmoníka

Gunnar Ringsted – gítar, bassagítar

Hafsteinn Óðinn Þórisson – gítar, bassagítar, ukulele

Halldór Hólm Kristjánsson – gítar, bassagítar, ukulele

Jakob Grétar Sigurðsson – píanó, trommur

Ólafur Flosason – blástur, píanó, gítar, tónfræði, - deildarstjóri

Sigríður Ásta Olgeirsdóttir – píanó, söngur, söngleikjadeild

Sigurþór Kristjánsson – trommur

Theodóra Þorsteinsdóttir – söngur, söngleikjadeild, - skólastjóri

Póra Sif Svansdóttir – söngur

Allar frekari upplýsingar veittar í síma 433 7190 og 864 2539